

Nd. **268. Frumvarp til laga** [101. mál]
um framlenging á gildi laga nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í lögum nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950, skal gilda til 1. apríl 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frumvarpið er flutt eftir tilmælum fjármálaráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa óbundið atkvæði um málið. Frv. fylgdi svo hljóðandi athugasemd:

„Þar sem Alþingi hefur ekki lokið við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1950, ber nauðsyn til að framlengd sé heimild sú til handa ríkisstjórninni, sem felst í lögum nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði.“